

Fundagerð 123. fundar stjórnar VM

Fundur haldinn fimmtudaginn 3. maí 2018 kl. 12:00 í VM húsinu, Stórhöfða 25.

Mættir: Guðmundur Helgi Þórarinsson, Samúel Ingvason, Agnar Ólason, Kristmundur Skarphéðinsson, Sigurður Gunnar Benediktsson, Andrés Bjarnason, Svanur Gunnsteinsson og Símon Guðvarður Jónsson

Í gegnum síma: Þorsteinn Hjálmarsson

Fjarverandi: Guðni Þór Elísson

Dagskrá :

1. Frágangur á fundagerð stjórnarfundar VM nr. 122
2. Kosning varaformanns
3. Tilnefning Neistans
4. Heiðrun sjómanna á sjómannadaginn
5. Skipun í launanefnd
6. Önnur mál

Formaður bauð stjórn velkomna á fyrsta fund eftir stjórnarkjör og þá sérstaklega nýja stjórnarmenn.

1. Frágangur á fundagerð stjórnarfundar VM nr. 122

Fundagerð síðasta fundar samþykkt og undirrituð.

2. Kosning varaformanns

Formaður lagði til að Samúel yrði áfram varaformaður. Engar aðrar tillögur komu og var hann kosinn einróma.

3. Tilnefning Neistans

Það styttist í sjómannadaginn og það þarf að ákveða hver á að hljóta Neistann að þessu sinni. Settur var lista inn á innri vefinn þar sem tiltekið er hverjir hafa hlotið Neistann og svo hvaða tilnefningar hafa borist. Ekki eru öll flokkunarfélögin búin að skila inn og samþykkt var að formaður og Halldór skoðuðu þetta áfram og svo yrði málið afgreitt með tölvupósti.

4. Heiðrun sjómanna á sjómannadaginn

Í fyrra gleymdist að tilnefna varamann til heiðrunar á sjómannadaginn þannig að það þarf að

tilnefna einhvern til að heiðar. Formaður stakk upp á Magnúsi Trausta Ingólfssyni og var það samþykkt. Formaður kemur svo með tillögu um hver verður varamaður við fyrsta tækifæri.

5. Skipun í launanefnd

Formaður útskýrði tilgang launanefndar VM og óskaði eftir að sú nefnd myndi ganga frá starfslokum fráfarandi formanns. Þrír stjórnarmenn verða í nefndinni og einn varamaður.

6. Önnur mál

Formaður sagði frá því að hann hefði mætt til starfa á fimmtudaginn eftir aðalfund og byrjað á starfsmannafundi og síðan spjallað við starfsmenn einn og einn í einu. Á föstudaginn átti hann fund með formanni VR og formanni verkalýðsfélags Akraness. Hann sagði að hann gæti tekið undir margt sem þeir eru með en hefði sagt þeim að hann væri ekki tilbúinn í samstarf. Á mánudaginn fór hann svo í ferð um Stórhöfðann og hitt meðal annars formann Rafiðnaðarsambandsins og ræddu þeir um samstarf iðnaðarmannafélaganna. Kosning stjórnarmanns í sjúkrasjóð: Kristmundur hefur setið í stjórn sjóðsins f.h. stjórnar. Samþykkt var að hann yrði þar áfram.

Formaður sagðir frá því að verið væri að teikna breytingar á skrifstofunni. Hann sagðist ekki vita hvort það hefði eitthvað verið rætt í stjórn. Nokkrir stjórnarmenn könnuðust við málið. Formaður óskaði eftir formlegri heimild til að halda áfram með verkefnið og var það samþykkt.

Formaður spurði menn hvort þeir væru sáttir við að halda áfram að hafa stjórnarfundum á fimmtudögum og hvort væri betra að hafa þá kl. 11:00 eða 12:00. Ákveðið var að fundirnir yrðu áfram á fimmtudögum en að þeir myndi byrja kl. 11:00 en ekki 12:00 eins og verið hefur undanfarið.

Formaður óskaði eftir því að launanefnd færi strax í að ganga frá starfslokum við fráfarandi formann.

Fundi slitið kl. 15:00